



Hluthafafundur Íslandsbanka hf.

30. júní 2025

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans að Hagasmára 3, Kópavogi, mánudaginn 30. júní og hófst kl. 16.00. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fór eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fór fram á íslensku en boðið var uppá túlkaþjónustu á ensku.

Setning fundar

Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður Íslandsbanka, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna á hluthafafund bankans.

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Linda Jónsdóttir stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að Jóhannes Karl Sveinsson, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri. Aðrar tillögur komu ekki fram og var Jóhannes sjálfkjörinn. Jóhannes gerði að tillögu sinni að Dagmar Clausen Þórðardóttir, forstöðumaður á lögfræðisviði Íslandsbanka, yrði kosin fundarritari. Aðrar tillögur komu ekki fram og var Dagmar sjálfkjörin..

b) Lögmæti fundar

Fundarstjóri fór yfir framkvæmd boðunar fundarins. Boðað var til þessa hluthafafundar með auglýsingu 6. júní sl. í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans, og þann 8. júní s.l. í Morgunblaðinu. Var fyrirvari á boðun fundarins nægilegur, í samræmi við ákvæði 88. gr. a í lögum um hlutafélög og samþykktir bankans. Tillögur þær sem eru til umfjöllunar á fundinum voru einnig birtar á vefsíðu bankans.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan, m.t.t. boðunar og framlagningar á gögnum, til að fjalla um og afgreiða þau málefni sem eru á dagskrá hans.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að upplýsingar um mætingu á fundinn yrðu veittar áður en gengið yrði til atkvæðagreiðslu.

c) Fyrirkomulag fundar og atkvæðagreiðslu

Fundarstjóri fór stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, hægt sé að taka þátt í fundinum bæði rafrænt og með því að mæta á fundarstað. Atkvæðagreiðsla verði rafræn og fari einungis fram gegnum kerfi Lumi. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum gæfist kostur á að senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti gegnum fundarkerfið. Einnig gerði fundarstjóri grein fyrir því að mögulegt sé fyrir þá sem mættir eru á fundarstað að óska eftir því að taka máls undir einstökum liðum með því að gefa merki þegar fundarstjóri býður upp á það.



Dagskrá:

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu bankans;
2. Önnur mál
 - i. Ályktunartillaga um stjórnarmann Íslandsbanka hf. (vantraust)

Vilhjálmur Bjarnason, hluthafi, tók til máls um dagskrá fundarins. Gerði hann athugasemd við tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu og vísaði til þess að 79. grein laga um hlutafélög kveði á um að starfskjarastefna skuli samþykkt á aðalfundi, með eða án breytinga, og þar skuli félagsstjórn gera grein fyrir og skýra frá framkvæmd áður samþykktar starfskjarastefnu. Kvaðst Vilhjálmur gera verulegar athugasemdir við það að boðað sé til þessa fundar á þessum tímapunkti, í kjölfar þess að íslenska ríkið seldi allan sinn hlut í bankanum, og kvaðst einnig telja að hluthafafundur af þessu tagi geti ekki tekið afstöðu til þessarar starfskjarastefnu, það yrði einungis gert á aðalfundi. Sagði hann hugsanlega eftirmála verða af því ef fundarstjóri treysti sér til þess að taka afstöðu gegn skýrum fyrirmælum hlutafélagalaga með skipandi lagatúlkun.

Fundarstjóri þakkaði Vilhjálmi Bjarnasyni fyrir og beindi því til fundarritara að bóka athugasemd Vilhjálms um lögmati dagskrár.

Í tilefni af athugasemdum Vilhjálms Bjarnasonar tók fundarstjóri fram að samkvæmt 80. gr. laga um hlutafélög að hluthafar taki saman ákvarðanir á hluthafafundum og hluthafafundir séu æðsti vettvangur um allt sem hluthafar vilja nema það sé sérstaklega undanþegið lögsögu hluthafafundar. Ekki sé hægt að líta svo á að þótt aðalfundur fjalli að lágmarki um viss atriði hafi hluthafar ekki heimildir til að bera sömu mál undir almenna hluthafafundi. Í ljósi þeirrar meginreglu hluthafalaga að hluthafar geti tekið nýjar ákvarðanir, líki þeim ekki ákvarðanir fyrri funda, þá telur hann að það séu ekki vandkvæði á því taka megj þennan dagskrárlið til afgreiðslu á vettvangi hluthafafundarins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir dagskrá fundarins. Varðandi liðinn önnur mál, tók fundarstjóri fram að í samræmi við samþykktir bankans geti hluthafar komið öllum málum sem þeir kjósa á dagskrá fundar með tilteknum hætti, þegar boðað hafi verið til hluthafafundar. Borist hafi ályktunartillaga frá hluthafa um vantraust á stjórnarmann sem verði tekin til afgreiðslu á fundinum. Tillagan hafi borist og verið birt með tilskildum fyrirvara.

Fundarstjóri greindi frá því að nú væri mætt fyrir 36,52% hluthafa í bankanum á fundinn.



1. Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu (aðaltillaga og breytingartillaga)

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu stjórnar að breytingum á starfskjarastefnu en hún var meðal fundargagna (aðaltillaga).

Stjórn Íslandsbanka leggur í fyrsta lagi til að við starfskjarastefnu bankans bætist tvö heimildarákvæði í 7. gr. stefnunnar. Annars vegar verði stjórn heimilt að setja á fót sérstakt kaupaukakerfi fyrir starfsfólk og hins vegar verði stjórn heimilt að innleiða kaupréttaráætlun á grundvelli 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Markmiðið er að veita stjórn svigrúm til þess að umbuna starfsfólki fyrir árangur í starfi og tengja saman langtímahagsmuni starfsfólks og bankans. Þá eru lagðar til breytingar á 8. gr. starfskjarastefnunnar til samræmis við framangreindar breytingar á 7. gr. starfskjarastefnunnar varðandi samþættingu áhættu sem tengist sjálfbærni. Loks eru lagðar til breytingar á orðalagi og skipulagi texta á nokkrum stöðum annarsstaðar í starfskjarastefnunni. Tillaga stjórnar að uppfærðri starfskjarastefnu ásamt útgáfu hennar með breytingaslóð frá fyrri starfskjarastefnu sé að finna í gögnum fundarins á vefsíðu bankans.

Gerði fundarstjóri jafnframt grein fyrir því að frá því að tillögur stjórnar voru birtar á vef bankans þann 9. júní s.l. hafi borist ábendingar frá nokkrum hluthöfum um breytingar. Af þeim sökum vilji stjórn bankans gera tillögur til samræmis við ábendingarnar á fundinum. Gerði fundarstjóri grein fyrir breytingartillögu stjórnar við framlagða aðaltillögu.

Lagt er til í breytingartillögunni að staðfest verði í stefnunni sjálfri (ekki einungis greinargerðinni) að ekki skuli koma til greiðslu kaupauka nema lágmarks viðmiðum um arðsemi sé náð (grein 7.2).

Í þeim tilvikum þar sem hluti kaupauka er greiddur með hlutabréfum í bankanum þá skuli miða við meðalgengi síðustu 10 daga (grein 7.2). Um sé að ræða efnislega sömu reglu og varðandi kauprétti í grein 7.3.

Þá sé ákvæði 9. greinar starfskjarastefnunnar um upplýsingagjöf til hluthafa í aðdraganda aðalfundar er nánar útfært þannig að upplýsingagjöf er verulega aukin.

Setning í greinargerð með tillögu stjórnar um starfskjarastefnu, um að stjórn bankans skuli ákvarða hvernig arðsemi umfram lágmarksviðmið skuli skipt á milli hluthafa og starfsfólks, er felld brott úr greinargerð.

Gerði fundarstjóri grein fyrir því að í samræmi við almenn fundarsköp verði breytingartillagan tekin til atkvæðagreiðslu fyrst og ef hún er samþykkt þá verði gengið til atkvæðagreiðslu um aðaltillöguna með áorðnum breytingum.

Gerði fundarstjóri grein fyrir því að tillaga stjórnar um starfskjarastefnu ásamt áorðnum breytingum ásamt útgáfu hennar með breytingaslóð sé að finna í gögnum fundarins á vefsíðu bankans.

Fundarstjóri bauð fundarstjóri Lindu Jónsdóttur, stjórnarformanni Íslandsbanka, og Hauki Erni Birgissyni, stjórnarmanni í Íslandsbanka og formanni stjórnarháttá- og mannauðsnefndar bankans, að taka til máls um efni og forsendur tillagna stjórnar.



Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður tók til máls. Linda lýsti yfir mikilli ánægju með nýliðið útboð á sölu eftirstandandi hlutar ríkisins í bankanum og þakkaði þátttakendum í útboðinu, nýjum hluthöfum og öðrum þátttakendum í verkefninu. Sagði hún stjórn líta á þetta sem mikilvægt skref í vegferð bankans. Bankinn sé í dag stærsti fjárfestingarbanki landsins, leiðandi á fyrirtækjamarkaði og með sterka stöðu á einstaklingsmarkaði, og stjórn sjái ýmis tækifæri til frekari vaxtar.

Sagði hún stjórn stefna einhuga að því markmiði að hámarka arðsemi og þar með markaðsvirði bankans hluthöfum til hagsbóta en í þeim tilgangi sé einnig nauðsynlegt að tryggja samkeppnishæfni bankans sem vinnustaðar á fjármálamarkaði. Stjórn telji því nauðsynlegt að móta skýra og trúverðuga stefnu varðandi starfskjör og samræma framtíðarsýn bankans við væntingar hluthafa. Það sé tímabært að stíga næsta skref í þessu efni að mati stjórnar. Vísaði hún til ávarps síns á aðalfundi bankans 2025 í þessu skyni. Markmið stjórnar sé að tengja saman með starfskjarastefnunni hagsmuni hluthafa og starfsfólks með langtíma hagsmuni að leiðarljósi. Þá vék Linda stuttlega að stefnuáherslum og gildum bankans. Sagði hún ástæðuna fyrir því að stjórn taki þetta málefni upp núna, í beinu framhaldi af sölu ríkisins á eftirstandandi hlut sínum í bankanum, vera að stjórn hafi fundið fyrir skertri samkeppnishæfni bankans sem nauðsynlegt sé að bregðast við án tafar. Ný stefna sé mikilvægur þáttur í að tryggja að bankinn standi vel að vígi til framtíðar. Þakkaði hún þeim hluthöfum sem komu með góðar ábendingar við tillöguna enda sé það hluti af stefnumörkun að viðra ólík sjónarmið og sammælast um hvert stefnt skuli.

Linda gaf Hauki Birgissyni, stjórnarmanni í Íslandsbanka og formanni stjórnarháttá- og mannauðsnefndar bankans, orðið.

Haukur Örn, gerði stuttlega grein fyrir sjónarmiðum stjórnar Íslandsbanka að baki tillögum stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu, um hvatakerfi og kaupréttaráætlun. Mikilvægt sé að hagsmunir hluthafa, starfsfólks og bankans í heild séu tvinnuðir saman með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Á sama tíma sé lögð áhersla á að ekki sé verið að hvetja til óhóflegrar áhættutöku með framkvæmdinni. Haukur Örn greindi frá því að umræddar breytingar ættu að efla árangursmenningu innan bankans og draga úr þrýstingi á hækkun fastra launa. Það ætti að gera bankanum kleift að bjóða upp á samkeppnishæf og fjölbreytt starfskjör og þannig laða að hæfileikaríkt starfsfólk. Gerði hann grein fyrir því að flest félög í kauphöll hér landi séu með kaupaukakerfi og kaupréttaráætlanir auk þess sem helstu samkeppnisaðilar bankans séu þegar með samskonar kerfi í sínum reglum. Þá gerði hann grein fyrir helstu þáttum þess kerfis sem lagt er til ásamt gildandi lagaramma um greiðslu kaupauka og kaupréttaráætlanir á Íslandi. Jafnframt var áréttað að breytingarnar muni ná til alls starfsfólks bankans. Haukur Örn greindi frá því að kaupaukakerfið muni skiptast í tvö þrep, þ.e. almennt og sértækt kaupakakerfi. Almenna kerfið muni ná til alls starfsfólks, þar sem kaupauki geti numið 0-10% af árslaunum, og sértæka kerfið muni ná til um 15% starfsfólks bankans, þar sem kaupauki geti numið 10-25% af árslaunum. Áréttaði hann að engin réttindi ávinnist ef arðsemi bankans, að teknu tilliti til kaupauka, verði undir arðsemismarkmiði bankans. Kaupréttaráætlunin muni ná til allra fastráðinna starfsmanna og starfsfólki byðst því að kaupa hlut í bankanum á fyrirframskilgreindu gengi til samræmis við gildandi lagaramma. Haukur Örn fór yfir helstu sjónarmið sem gilda um kerfin t.d. þátttakendur þess, langtímahagsmuni, kaupverð, hvernig eftirliti skuli háttað og í hvaða tilvikum réttur starfsfólks til kaupauka og kaupréttar fellur niður. Áætluðu umfangi kerfisins var jafnframt lýst og greindi hann frá því að við fulla virkni, þ.e.a.s ef fullur árangur næst, þá er áætlað að hlutabréfaeign starfsfólks geti numið allt að 2% af heildarhlutafé bankans.



Áætlaður kostnaður við kaupaukakerfið geti þá numið allt að 10% af heildarlaunakostnaði bankans og áætlaður kostnaður vegna kaupréttaráætlunar sé áætlaður á bilinu 0,1-2,5% af heildarlaunakostnaði bankans. Þá sé gert ráð fyrir að 70-80% af kostnaði við kerfin falli undir almennan hluta þess, þ.e.a.s. þess hluta kaupaukakerfisins og kaupréttaráætlunarinnar sem tekur til alls starfsfólks. Sagði hann að tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sem lögð er fram sé í fullum takti við aðrar starfskjarastefnur sem þegar hafa verið samþykktar af hluthöfum sambærilegra félaga.

Þá fjallaði Haukur jafnframt um breytingartillögu stjórnar á tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu. Frá því að tillaga stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu var birt hafi stjórn borist ábendingar frá hluthöfum. Stjórn hafi talið athugasemdirnar til bóta og því ákveðið að leggja þær fram í eigin nafni.

Haukur bendir á að með samþykkt tillögunnar verði stjórn falin nánari útfærsla kerfisins frá ári til árs rétt eins og stjórn eru falin önnur mikilvægt verkefni við starfsemi og rekstur bankans.

Fundastjóri gaf orðið laust um aðal- og breytingartillögu. Fundarstjóri upplýsti fundinn um uppfærða fundarsókn, nú væri mætt fyrir 36,56% hluthafa í bankanum á fundinn.

Oddur Sigurðsson, formaður starfsmannafélags Íslandsbanka og hluthafi, tók til máls. Oddur sagðist fagna tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu hvað varðar almennan hluta kaupaukakerfisins en ekki þann hluta kerfisins þar sem tilteknum starfsmönnum eða lykilstarfsmönnum sé gefinn möguleiki á ríkari réttindum. Hvatti hann stjórn og stjórnendur sem hafa með málið að gera að leggja upp með kaupaukakerfi sem nái jafnt til allra starfsmanna og sé eins fyrir alla. Þá kvaðst Oddur, sem yfirtrúnaðarmaður starfsmanna, hafa viljað vera upplýstur um hvernig kerfið væri hugsað til enda.

Vilhjálmur Bjarnason, hluthafi, tók til máls.

Hann hafi setið í stjórn Bankasýslu ríkisins á árunum 2017-2023 og á þeim tíma hafi eilíft verið óskað eftir því að tekið yrði upp kaupauka- og kaupréttarkerfi. Stjórnin hafi einfaldlega getað hafnað því á grundvelli þess að það samræmdist ekki eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Nú sé komin stjórn sem fari að vilja stjórnenda bankans og sem leggur þetta til og einhver flýtir hafi verið á þar sem stjórn hafi ætlað sér að ákvarða hvernig arðsemi umfram einhverrar viðmiðunararðsemi skuli skipt milli hluthafa og starfsmanna. Það geti enginn gert nema hluthafafundur, hagnaður bankans sé hluthafa og þessi 1,5 milljarður sem sé tíundaður sé tekinn af hagnaði og e.a. arði til hluthafa. Hér sé haldinn fundur um starfskjarastefnu, ekki um hluthafastefnu.

Þá gerir hann athugasemd við það að í þessu kaupréttarkerfi sé kauprétturinn frá fyrsta degi í verðmæti. Hluthafinn hafi fært ákveðna fórn, keypt og borgað fyrir sín hlutabréf, en starfsmaðurinn sem nýtur þessa kaupréttarkerfis bíði og borgi ekki neitt, fyrr en einhvern tímann síðar og kaupi hlutabréf áafsláttarverði. Vilhjálmur bendir á umfjöllun í hlutafélagalögum um að óheimilt sé að úthluta ótilhlýðilegum hagsmunum og mismuna hluthöfum. Segist hann ætla að túlka „mismuna hluthöfum“ á þann veg að það séu núverandi og komandi hluthafar. Þess vegna geri hann verulegar athugasemdir við þetta, fyrir utan það að það beri þessa brýnu nauðsyn til að túlka hlutafélagalög með þessum skapandi hætti að starfskjarastefna skuli tekin fyrir á sérstökum hluthafafundi en ekki aðalfundi. Taldi hann að stjórn bankans hafi verið illa undirbúin fyrst að strax hafi þurft að setja fram breytingar á



framkominni tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans. Þá kvaðst hann vona að lífeyrissjóðir hefðu dug í að verja hagsmuni sjóðsfélaga og greiða atkvæði gegn tillögunni.

Fundarstjóri las upp rafrænar fyrirspurnir sem bárust á fundinum.

Eftirfarandi fyrirspurn hafi borist frá GTG endurskoðun ehf., hluthafa:

„Munið þið byrja á því að lækka laun starfsmanna í dag eða er þetta allt viðbót við þau laun sem bankinn greiðir núna.“

„Mun laun þeirra sem fá ekki „að vera með“ hækka um það sem ætla mætti að launin hefðu hækkað ef þeir fengju bónus eins og hinir?“

Eftirfarandi fyrirspurn hafi borist frá Sigríði J Valdimarsdóttur, hluthafa:

„Í kynningu á kaupaukakerfinu var talað um að ef fólk segir upp þá missir það kaupaukann. En hvað með fólk sem er rekið?“

Þá tók Óttar Guðjónsson, hluthafi, til máls og beindi orðum sínum að fundarstjóra, og gerði athugasemd við að Vilhjálmi Bjarnasyni hefði ekki verið svarað efnislega um lögsmæti tillögunnar. Að hans mati væri það alvarlegt ef tillagan reynist ekki vera í samræmi við hlutafélagalög. Tók hann undir sjónarmið Odds Sigurðssonar, formanns starfsmannafélags Íslandsbanka um að honum fyndist mjög viðeigandi og tilhlýðilegt að fara af stað með þessar áætlanir þannig að jafnræði væri með öllum starfsmönnum. Hvatti hann þá stjórn bankans til að eiga samtalið við Odd Sigurðsson, um útfærslu á þessu. Varðandi lágmarksviðmið um arðsemi, þá tók Óttar fram að hann teldi arðsemi eigin fjár bankans, eftir að hann er kominn úr ríkiseigu, of lága fyrir arðsemi í almennu hlutafélagi. Honum þætti mjög viðeigandi að þetta lágmarksviðmið væri aldrei lægra en 5% hærra en stýrivextir og að honum þætti fara vel á því að stjórnin setti sér slíkt markmið. Taldi hann viðeigandi að hækka þetta lágmarksviðmið í samhengi við gerð á þessari kaupaukaáætlun. Sagðist hann að öðru leyti hlynntur almennum kaupaukakerfum.

Einar Ólafsson, hluthafi, tók til máls og taldi órökrétt að hluthafafundurinn snerist um hvernig skyldi eyða hagnaði bankans og kvaðst fyrst vilja fá upplýsingar um með hvaða hætti stjórnin hygðist auka tekjur bankans, áður en farið yrði af stað í þá vegferð að hækka laun.

Þá las fundarstjóri upp frekari fyrirspurnir sem bárust rafrænt á fundinum.

Eftirfarandi fyrirspurn barst frá Kjartani Kjartanssyni, hluthafa:

„Það hefur ekki komið fram hvaða vandamál kaupréttarkerfið á að leysa, bara að þetta séu auknar heimildir.“

„Hefur bankinn verið í vandræðum með að finna og ráða hæfikeikaríkt og hæft starfsfólk?“

Eftirfarandi fyrirspurn barst frá Bolla Héðinssyni, hluthafa:

„Vinsamlegast sýnið 4-5 (excel) dæmi um hvernig bónusar hækka laun einstaklinga, raunverulegra eða tilbúinna, að gefnum tilteknum forsendum“



Fundarstjóri bað stjórn og bankastjóra um að svara fyrirspurnum sem hefðu borist í einu lagi. Hann áréttaði jafnframt forsendur fyrir fyrri ákvörðun sinni, þ.e. að það væri á valdsviði hluthafafundar sem æðstu stjórnareiningar í félaginu að taka ákvörðun um breytingar á starfskjarastefnu bankans.

Haukur Örn Birgisson tók til máls, til að svara framkomnum fyrirspurnum hluthafa.

Fyrst varðandi spurninga frá Oddi Sigurðssyni, formanni starfsmannafélags Íslandsbanka áréttaði Haukur að stjórn væri að óska eftir heimild hluthafa til að koma á kaupaukakerfi og heimild til að útfæra það nánar. Samkeppnisaðilar bankans hafi sams konar kerfi og álíka fyrirkomulag, þ.e. almennan og sértækan hluta. Samkeppni um hæft starfsfólk sé sífellt að aukast og stjórn vilji fá fleiri vopn í vopnabúrið til að laða að, og halda í, hæft starfsfólk. Ef bankinn hafi ekki svona kerfi þá verði bankinn einfaldlega eftir á. Það væri ekkert kappsmál að stilla fólki upp í hópa, heldur væri stjórn aðeins að óska eftir heimild til að setja upp kerfið og útfæra það nánar á þeim nótum sem hér er lýst en fullt tillit yrði tekið til athugasemda sem kynnu að berast við mótun slíks kerfis.

Haukur Örn þakkaði Vilhjálmi Bjarnasyni fyrir sitt innlegg á fundinum og fyrir greinarskrifin. Sagði Haukur Örn það kerfi sem stjórn leggur til vera í fullu samræmi við lög sem gilda um kauprétti á Íslandi og í samræmi við kaupréttaráætlanir annarra fyrirtækja hér á landi. Sjónarmið Vilhjálms virtust snúa að því að ekki væri tímabært eða rétt að taka slíkt upp, en um það væru þeir þá ekki sammála.

Varðandi fyrirspurn frá GTG endurskoðun, þá er sé hvatakerfið ekki hugsað sem hreinn viðbótarkostnaður heldur sem sveigjanlegt kerfi sem þurfi að fá að útfæra en tengist með beinum hætti árangri bankans. Aukinn kostnaður vegna kaupaukakerfisins og kaupaukagreiðslna verði aðeins til staðar nái bankinn að fara fram úr markmiðum sínum, og geri betur. Það sé ekki hægt að svara með tæmandi hætti hvort einhverjir lækki í launum á móti o.s.frv. Þetta sé útfærsluatriði sem þarf að skoða og getur verið mismunandi í tilviki hvers og eins. En almennt sé hægt að segja að kerfið sé ekki hugsað með þeim hætti að starfsfólk lækki í launum á móti heldur frekar til að létta á þrýstingi við fastan vöxt í launakostnaði bankans.

Varðandi fyrirspurn frá Sigríði J. Valdimarsdóttur, um hvort þeir sem eru reknir missi kaupaukann, svaraði Haukur Örn því neitandi. Hann vísaði til umfjöllunar sinnar á fundinum um að kaupauki geti verið afturkræfur, ef upp koma breyttar forsendur eða brot í starfi sem valda tjóni, í slíkum tilvikum kunna kaupaukar að vera afturkræfir. En auðvitað missir starfsmaður sem hættir störfum í bankanum framtíðarkaupauka.

Varðandi fyrirspurn frá Einari Ólafssyni, sagði Haukur Örn að stjórn telji að samþykkt breytinga þeirra sem stjórn leggur til á starfskjarastefnu bankans sé ein aðgerð í auka tekjur bankans. Stjórn bankans telji að hvatakerfi stuðli, eða eigi að stuðla, að auknum árangri og auknum tekjum.

Varðandi fyrirspurn frá Kjartani Kjartanssyni, sagðist Haukur Örn geta sagt það að bankinn hafi á undanförnum misserum fundið fyrir því að hæft starfsfólk, sérstaklega í fjárfestingarbankastarfsemi, hafi leitað til annarra samkeppnisaðila þar sem boðið er upp á árangurstengd starfskjör. Stjórn vilji koma í veg fyrir að bankinn missi hæft starfsfólk og að bankinn geti boðið það sem önnur sambærileg fyrirtæki geta boðið til að laða að og halda í hæft starfsfólk.



Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður bankans, tók til máls. Linda sagði stjórnina hafa keyrt þetta mál áfram en ekki stjórnendur bankans. Áhættan sé að missa mikilvægustu eign bankans sem sé starfsfólkið. Sagði hún bankann hafa misst starfsfólk vegna þess að bankinn hafi ekki getað boðið samkeppnishæf laun. Stjórn sé hér til að bæta arðsemi bankans, sé í þeirri vegferð og verði á komandi misserum. Varðandi hluthafafundi, sagðist Linda vera þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að stjórn setji fram tillögu og komi fram með breytingu á henni. Kvaðst vilja sjá virkara samtal milli hluthafa og stjórna og að vonandi verði hægt að taka skrefin saman áfram.

Þá hvatti Linda gesti fundarins til þess að kynna sér frekara efni um gang mála í bankanum á heimasíðu bankans og vísaði þar m.a. til fjárfestakynninga og ársfjórðungslegra funda bankans.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi fyrirspurn frá Kjartani Kjartanssyni,

„Hefur bankinn einhvern tímann ekki náð að ráða hæfileikaríkan starfskraft vegna skorts á kaupréttarákvæði?“

Linda Jónsdóttir, sagði þessu þegar hafa verið svarað, svarið sé já.

Varðandi fyrirspurn Bolla Héðinssonar um dæmi sagði Haukur Örn að í þeim tilvikum sem 10% kaupauki sé veittur á laun að fjárhæð 1.000.000 kr. séu það 100.000 kr. Hæstu leyfileg mörk samkvæmt lögum séu hins vegar 25% af föstum starfskjörum. Útfærslur liggi ekki fyrir við hvaða aðstæður eða hvort kaupaukar geti náð því hámarki.

Fundarstjóri sagði ekki skjöl til reiðu til að sýna þessa útfærslu en umfangið væri eins og Haukur Örn lýsi.

Guðrún Torfhildur spurði fyrir hönd GTG endurskoðunar ehf. spurði af hverju hluthafar fái ekki að sjá útfærslu kaupaukakerfisins áður en ætlast sé til þess að hluthafar taki afstöðu til kaupaukakerfisins. Hvers vegna megi ekki taka þetta í skrefum og hvers vegna þurfi að rjúka til. Segist taka undir sjónarmið Odds Sigurðssonar, formanns starfsmannafélags Íslandsbanka, um að hafa alla starfsmenn jafna til að byrja með a.m.k. og sjá hvernig þetta virkar.

Haukur Örn tók til máls og þakkaði fyrirspurnina. Segist skilja vel að fólk sé brennt frá fyrri tíð, þegar hlutirnir fóru á versta veg. Síðan þá hafi lagaumhverfi mikið breyst í tengslum við slíkar greiðslur. Heimildin sem óskað sé eftir hér sé að starfa innan marka laganna. Stjórn sé að biðja um samþykkt á stefnu sem marki ákveðinn ramma sem sé í takt við íslenska löggjöf og aðra samkeppnisaðila og fyrirtæki á markaðnum. Útfærslan eigi eftir að koma í ljós og verið sé að stíga varfærin skref. Heimildin sé til þess að líta til bæði fjárhagslegra og ófjárhagslegra markmiða.

Heiðar Guðjónsson, hluthafi, tók til máls. Heiðar kvaðst hafa mikla trú á stjórnendum bankans og starfseminni. Sagðist hann vilja að raddir þeirra sem styðja tillögur stjórnar heyrðust líka. Það er samkeppni, samkeppni um fólk, milli iðngreina og út í heimi. Íslenska bankakerfið standi mjög vel og áhættusækni hér sé mjög takmörkuð og honum finnst eðlilegt þegar vel gengur, og hluthafar eru að fá arðsemi sem þeir eru sáttir við, að það sem er umfram sé skipt á milli hluthafa og starfsmanna.

Fundarstjóri sagðist hafa fengið athugasemdir frá Bolla Héðinssyni aftur, um að hafa ekki fengið dæmi í excel. Slík dæmi séu hins vegar ekki til staðar en það sé þá ábending til stjórnenda að



skoða það, þegar farið er að huga að útfærslu kerfisins, að vera með auðskiljanleg dæmi til skoðunar fyrir hluthafa, verði tillögur stjórnar samþykktar.

Fleiri tóku ekki til máls og fundarstjóri lokaði mælendaskránni.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að hann beri tillögur stjórnar upp í tvennu lagi. Fyrst breytingartillögu stjórnar við eigin aðaltillögu.

Gerði hann grein fyrir því að 95 hluthafar hafi tilkynnt sig inn á fundinn sem fari með 36,73% atkvæða.

Var tillagan borin undir atkvæði. Tillagan hlaut samþykki 99,01% greiddra atkvæða og var samþykkt með tilskildum meirihluta.

Þá var aðaltillagan með áorðnum breytingum samkvæmt framangreindri breytingartillögu borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með 98,96% greiddra atkvæða og því með með tilskildum meirihluta.

2. Önnur mál

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu Vilhjálms Bjarnasonar, hluthafa:

„Vantraust á stjórnarmann í Íslandsbanka hf.

Hluthafafundur í Íslandsbanka hf. haldin þann 30. júní 2025 telur stjórnarmanninn Stefán Sigurðsson með öllu óhæfan til að gæta hagsmuna hluthafa.

Framganga hans við að niðurlægja og lítilsvirða hluthafa á aðalfundi í Glitni hf. vorið 2008 bendir eindregið til að störf í stjórn hlutafélags í eigu almennings og lífeyrissjóða hentar umræddum stjórnarmanni alls ekki.

Hluthafafundur í Íslandsbanka hf. krefst þess að ferill stjórnarmanna í félaginu sé hafinn yfir allan vafa hvað heilýndi varðar.“

Fundarstjóri gaf flutningsmanni tillögunnar kost á að taka til máls um efni hennar.

Vilhjálmur Bjarnason tók til máls. Hann greindi frá því að hann hafi verði stjórnarmaður í Bankasýslu ríkisins á sínum tíma. Í fyrsta útboðinu á hlutabréfum ríkisins í bankanum ákvað hann sem stjórnarmaður að taka ekki þátt í útboðinu og sömuleiðis að kaupa ekki á eftirmarkaði fyrir en eftir að hann hefði látið af setu í stjórn Bankasýslunnar. Eftir að hann keypti hlut í bankanum fyrir mánuði síðan hafi hann gert sér grein fyrir því að þar sæti í stjórn maður sem hefði tekið þátt í því að reyna að koma í veg fyrir að hann sem hluthafi kæmi málstað sínum á framfæri á hluthafafundi í Glitni vorið 2008. Við þetta hefði Vilhjálmur gert athugasemd árið 2008 en vísað að öðru leyti til skriflegs rökstuðnings fyrir tillögunni. Óskaði Vilhjálmur eftir því að hluthafafundur lýsti vantrausti á svona stjórnarmann sem hann teldi með öllu óhæfan til að sitja í stjórn bankans.

Fundarstjóri greindi frá því að hann fengi ekki séð að tillagan fæli í sér kosningu til frávíkningar stjórnarmanns samkvæmt hlutafélagalögum heldur væri um að ræða almenna tillögu þar sem hluthafafundur greiði atkvæði um þessa tillögu og þá afstöðu sem birtist í henni. Taldi



fundarstjóri tillöguna ekki bindandi um frávikningu stjórnarmanns, og þarf þá ekki að kjósa um nýjan stjórnarmann verði hún samþykkt.

Linda Jónsdóttir, tók til máls. Greindi frá því að stjórn hafi óskað eftir upplýsingum um málið í kjölfar þessarar tillögu. Eftir að hafa skoðað fyrirliggjandi upplýsingar beri hún eftir sem áður fullt traust til Stefáns Sigurðssonar og staðfestir að umræða í stjórn Íslandsbanka snýr í þá átt að vinna fyrir hluthafa, með hluthöfum og eiga gott samtal.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Af greiddum atkvæðum voru 99,76% á móti tillögunni og var hún því felld.

Séra Pétur Þorsteinsson hluthafi, tók til máls undir liðnum önnur mál. Þakklátur fyrir að það skuli vera rjómi með pönnukökunum en það mætti einnig bjóða uppá tröllasúrumauk á þeim. Þá hvatti hann Vilhjálm til að halda áfram.

Fundurinn samþykkti ósk fundarstjóra um heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð eftir fundinn enda verði fundargerðin birt á heimasíðu bankans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:02.

Fundarstjóri

Fundarritari

Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Dagmar Clausen Þórðardóttir